

Ed.

96. Breytingartillaga

[33. mál]

við frv. til l. um málefni Flugleiða hf.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (KJ).

5. gr. orðist þannig:

Við veitingu ríkisábyrgðar skv. 1. og 3. gr. skal ríkisstjórnin ganga frá því að eftirtöldum skilyrðum verði fullnægt:

- 1) Aukning hlutafjár ríkisins í 20% hlutafjár, sbr. 2. gr., verði komin til framkvæmda fyrir næsta aðalfund Flugleiða hf.
- 2) Starfsfólki eða samtökum þess verði á sama tíma gefinn kostur á að kaupa hlutafé í Flugleiðum hf. fyrir a. m. k. 200 millj. króna, m. a. í því skyni að auka áhrif starfsfólksins almennt á stjórn fyrirtækisins, svo sem með kjöri eins manns í félagsstjórn.
- 3) Aðalfundur verði haldinn í Flugleiðum hf. fyrir febrúarlok 1981 og kosin ný stjórn í samræmi við breytta hlutafjäreign, en framhaldsaðalfundur haldinn síðar, ef þörf krefur.
- 4) Starfsmönnum Arnarflugs hf. eða félagi þeirra verði gefinn kostur á að kaupa hlut Flugleiða hf. í Arnarflugi hf. á eðlilegu markaðsverði. Náist ekki samkomulag um söluverð hlutabréfanna, skal það ákveðið af sérstökum gerðardómi. Skal hann þannig skipaður, að stjórn Flugleiða hf. tilnefnir einn gerðarmann, samtök starfsmanna Arnarflugs hf. annan, en oddamaður skal tilnefndur af yfirborgardómaranum í Reykjavík.
Gerðardómurinn skal hafa lokið störfum innan 3ja mánaða frá tilnefningu í hann.
- 5) Flugleiðir hf. gefi ríkisstjórn ársfjórðungslega yfirlit yfir þróun og horfur í rekstri fyrirtækisins.
- 6) Fram fari viðræður ríkisstjórnar og Flugleiða hf. um breytingu á samþykktum félagsins, er miði að því að takmarka atkvæðisrétt einstakra hluthafa, annarra en opinberra aðila.
- 7) Norður-Atlantshafsflugi verði haldið svo fjárhagslega aðskildu í bókhaldi og áætlunargerð sem frekast er unnt.
- 8) Fyrirtækið standi skil á opinberum gjöldum.